

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi við birtingu í Stjórnartíðindum:

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 46.240 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna greiða einnig fastagjald kr. 20.763 á ári auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 150,10 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þá að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítra-fjölda.

6. gr. breytist og orðist svo:

Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir:

- | | |
|--------------------------------|---------------------------|
| a) fyrir lögbyli með búrekstur | kr. 2.261.117 |
| b) fyrir íbúðarhús | kr. 598.513 |
| c) fyrir sumarhús | kr. 421.882 |
| d) fyrir aðra aðila | kr. 150.027 á mínútulítra |

Lágmarksinntak er 2,5 l/mín.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. maí 2016.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.